

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 1. júlí 2021

Mál nr. E-7108/2020:

A

(Jón Gunnar Ásbjörnsson lögmaður)

gegn

B

(Jónas Þór Jónasson lögmaður)

Dómur

Mál þetta var höfðað 21. október 2020. Stefnandi er A og stefndi B.

Dómkröfur stefnanda eru að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 11.192.163 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af 300.000 krónum frá 5. desember 2018 til 5. janúar 2019, en af 900.000 krónum frá þeim degi til 5. febrúar 2019, en af 1.500.000 krónum frá þeim degi til 5. mars 2019, en af 2.100.000 krónum frá þeim degi til 5. apríl 2019, en af 2.700.000 krónum frá þeim degi til 5. maí 2019, en af 3.300.000 krónum frá þeim degi til 5. júní 2019, en af 3.900.000 krónum frá þeim degi til 15. júní 2019, en af 4.175.000 krónum frá þeim degi til 5. júlí 2019, en af 4.775.000 krónum frá þeim degi til 5. ágúst 2019, en af 5.173.400 krónum frá þeim degi til 5. september 2019, en af 5.654.716 krónum frá þeim degi til 5. október 2019, en af 6.092.808 krónum frá þeim degi til 5. nóvember 2019, en af 6.599.358 krónum frá þeim degi til 5. desember 2019, en af 7.075.571 krónu frá þeim degi til 5. janúar 2020, en af 7.535.303 krónum frá þeim degi til 5. febrúar 2020, en af 8.080.837 krónum frá þeim degi til 5. mars 2020, en af 8.617.917 krónum frá þeim degi til 5. apríl 2020, en af 9.143.678 krónum frá þeim degi til 5. maí 2020, en af 9.562.182 krónum frá þeim degi til 5. júní 2020, en af 9.978.629 krónum frá þeim degi til 5. júlí 2020, en af 10.402.311 krónum frá þeim degi til 5. ágúst 2020, en af 10.833.056 krónum frá þeim degi til 5. september 2020, en af 11.155.037 krónum frá þeim degi til málshöfðunardags, en af allri fjárhæðinni frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádregnum innborgunum að fjárhæð samtals 7.050.000 krónur sem greiddar voru 14. desember 2018 að fjárhæð 50.000 krónur, 16. janúar 2019 að fjárhæð 100.000 krónur, 8. mars 2020 að fjárhæð 2.500.000 krónur, 14. maí 2019 að fjárhæð 600.000 krónur, 29. maí 2019 að fjárhæð 100.000 krónur, 13. júní 2019 að fjárhæð 100.000 krónur, 1. ágúst

2019 að fjárhæð 350.000 krónur, 2. september 2019 að fjárhæð 250.000 krónur, 13. september 2019 að fjárhæð 200.000 krónur, 27. september 2019 að fjárhæð 150.000 krónur, 11. október 2019 að fjárhæð 200.000 krónur, 28. október 2019 að fjárhæð 300.000 krónur, 12. desember 2019 að fjárhæð 100.000 krónur, 16. desember 2019 að fjárhæð 300.000 krónur, 9. janúar 2020 að fjárhæð 500.000 krónur, 14. febrúar 2020 að fjárhæð 300.000 krónur, 2. apríl 2020 að fjárhæð 150.000 krónur, 4. maí 2020 að fjárhæð 150.000 krónur, 29. maí 2020 að fjárhæð 500.000 krónur, 2. júlí 2020 að fjárhæð 150.000 krónur og 4. ágúst 2020 að fjárhæð 250.000 krónur.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda.

Stefndi krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda en til vara lækkunar. Í báðum tilfellum er krafist málskostnaðar en til vara er þess krafist að málskostnaður verði látinn niður falla.

Málavextir

Stefnandi og körfuknattleiksdeild stefnda gerðu með sér samning í júnímánuði 2018 um að stefnandi myndi leika körfuknattleik með körfuknattleiksdeildinni í tvö ár. Stefnandi mun hafa gengið til liðs við stefnda er hann kom heim frá Ö á árinu 2017 þar sem hann hafði stundað körfuknattleik samhliða námi.

Samkvæmt samningnum, sem ber titilinn „Leikmannasamningur“, var í fyrsta kafla kveðið á um skyldur stefnanda. Þar var kveðið á um skuldbindingu hans til að æfa og leika körfuknattleik með stefnda á samningstímanum og taka þátt í verkefnum leikmanna félagsins í samræmi við ákvarðanir stjórnar körfuknattleiksdeildar stefnda. Meðal annars var tekið fram að stefnanda væri óheimilt að æfa, keppa, þjálfa eða sýna körfuknattleik á vegum annars aðila á samningstímanum án leyfis stjórnar körfuknattleiksdeildar stefnda. Þá var tekið fram að stefnandi gæti ekki haft uppi frekari kröfur um greiðslur en fram kæmu í samningnum eða fylgiskjölum hans. Í öðrum kafla samningsins var kveðið á um skyldur stefnda. Meðal þess sem þar var tilgreint var að stefndi skyldi sjá leikmönnum fyrir sem bestri aðstöðu til æfinga og leikja, þeim að kostnaðarlausu, og sjá til þess að á leikjum væri til taks sérhæfður starfsmaður sem gæti sinnt meiðslum leikmanna. Þá skyldi félagið vísa leikmönnum sem yrðu fyrir meiðslum við æfingar eða keppni til hæfs læknis eða sjúkráþjálfara á kostnað félagsins ef slíkur kostnaður væri ekki bættur af almannatryggingum eða tryggingafélögum enda væri meðferðin nauðsynleg vegna meiðslanna. Meðal almennra ákvæða í samningnum var það að báðum aðilum

væri heimilt að rifta samningnum ef hinn samningsaðilinn yrði uppvís að því að brjóta ákvæði samningsins í mikilvægum atriðum.

Samhliða þessum samningi gerðu aðilar með sér viðauka við samninginn. Í honum var kveðið á um að stefndi tryggði stefnanda útborguð laun að fjárhæð 600.000 krónur á mánuði á keppnistímabili, það er á tímabilinu frá 1. september 2018 til loka keppnistímabils vorið eftir. Gjaldldagi launa væri 5. hvers mánaðar. Þá var kveðið á um að stefnandi ætti rétt á kaupaukagreiðslum fyrir tiltekinn árangur liðsins. Fyrir úrslitaleik í bikarkeppni skyldu greiddar 50.000 krónur og fyrir sigur í þeirri keppni 100.000 krónur. Kæmist liðið í fjögurra liða úrslit á Íslandsmóti skyldu greiddar 50.000 krónur, fyrir úrslitaleiki skyldu greiða 75.000 krónur og fyrir Íslandsmeistaratitil skyldu greiða 150.000 krónur. Tiltekið var að gjalddagi kaupaukagreiðslanna væri 15. júní 2019. Stefnandi átti einnig að hafa bifreið til afnota á samningstímanum. Á móti þessum greiðslum bar stefnanda að sinna vinnu hálfan daginn á samningstímabilinu sem stefndi myndi útvega en laun fyrir þá vinnu kæmu til frádráttar greiðslum stefnda. Sérstaklega var kveðið á um að stefndi myndi greiða kostnað vegna læknaaðstoðar og sjúkraþjálfunar enda bæri stefnanda að ráðfæra sig við þjálfara eða íþróttafulltrúa áður en hann myndi leita sér aðstoðar. Meðal þess sem var einnig kveðið á um í viðaukanum var að samningurinn væri til tveggja ára en stefnanda væri heimilt að rifta honum í september 2018 eða maí 2019 ef honum bærist hærra samningsboð frá erlendu félagi. Í sértöku ákvæði viðaukans var tekið fram að ef verulegar og ítrekaðar vanefndir yrðu á samningsskuldbindingum aðila gæti hinn aðilinn sagt samningnum upp fyrirvaralaust og væri þá laus allra mála enda næðist ekki samkomulag um annað.

Fljótlega eftir gerð þessa samnings mun stefnandi, með samþykki stefnda, hafa samið um að leika körfuknattleik með [...] félagi, Þ. Dvöl hans í Æ varð skammvinn og mun stefnandi hafa boðið stefnda starfskrafta sína að nýju. [...] félagið mun á hinn bóginn ekki hafa fallist á að leysa stefnanda undan samningi nema gegn greiðslu 5.000 evra, sem stefndi innti af hendi. Stefnandi mun ekki hafa krafið stefnanda um greiðslu fjárhæðarinnar fyrr en í kjölfar málshöfðunar stefnanda, sem 700.000 krónur.

Að nefndri fjárhæð greiddri til [...] liðsins gekk stefnandi á ný til liðs við stefnda 15. nóvember 2019 og tók samningur aðila þar með gildi á ný og gildi fram á sumar. Óumdeilt er að stefnandi öðlaðist rétt til kaupaukagreiðslna, samtals 275.000 króna, í samræmi við samningsviðauka, vegna Íslandsmeistaratitils liðsins 2019. Stefnandi átti sinn þátt í sigri

stefnda á Íslandsmótinu og var verðmætasti leikmaður stefnda það tímabil að því er fram kom hjá þjálfara körfuknattleiksliðs stefnda fyrir dómi.

Að afloknu keppnistímabilinu munu málsaðilar hafa hafið viðræður um nýjan samning. Meðal þess sem samið var um í tengslum við þá samningsgerð var að við undirritun samnings yrði eldri samningur framlengdur til loka júní 2019. Stefndi lét kaupaukagreiðslur vegna árangurs liðsins og greiðslu launa í maí og júní 2019 undir höfuð leggjast að öðru leyti en því að greiddar voru 100.000 krónur 13. júní 2019.

Nýr leikmannasamningur mun hafa verið undirritaður 11. júlí 2019, sem var efnislega samhljóða eldri samningi, en samhliða gerð þess samnings gerðu málsaðilar með sér viðauka við samninginn. Í honum var kveðið á um að stefndi tryggði stefnanda útborguð laun að upphæð 600.000 krónur á mánuði frá 1. júlí 2019 til loka keppnistímabils 2021 og væri gjalddagi launa fimmta dag hvers mánaðar. Óumdeilt er að með samningsákvæði þessu var samið um að stefnandi yrði á launum allt árið, einn leikmanna körfuknattleiksdeildar stefnda. Kveðið var á um að nánari útfærslu á launagreiðslum gæti að líta á fylgiskjali A en slíkt skjal er ekki meðal framlagðra gagna. Í viðaukanum var kveðið á um að stefnandi ætti rétt á kaupaukagreiðslu að fjárhæð 25.000 krónur vegna hvers unnins leiks, sem ætti að gera upp samhliða launagreiðslu. Þá skyldi stefnandi hafa bifreið til afnota á samningstímanum og sinna vinnu sem stefndi myndi útvega hálfan daginn á samningstímabilinu, með sama hætti og í tíð eldri samnings, en gert var ráð fyrir að laun fyrir slíka vinnu kæmu til frádráttar útborguðum launum frá stefnda. Kveðið var á um að samningurinn væri til tveggja ára og óuppsegjanlegur af beggja hálfu. Önnur ákvæði héldust óbreytt frá eldri viðauka, svo sem um greiðslu læknskostnaðar. Einnig var með sama hætti og í eldri samningi kveðið á um að ef verulegar og ítrekaðar vanefndir yrðu á samningsskuldbindingum málsaðila gæti hinn aðilinn sagt samningnum upp fyrirvaralaust og væri þá laus allra mála enda næðist ekki samkomulag um annað.

Báðir leikmannasamningar aðila, og viðaukar við þá, liggja fyrir óundirritaðir í málinu en efni þeirra er óumdeilt milli málsaðila.

Á gildistíma samninga stefnanda og stefnda greiddi stefndi aldrei laun á réttum tíma, það er að segja á gjalddaga sem ákveðinn var fimmti dagur næsta mánaðar. Þá var umsamin útborgunarfjárhæð, 600.000 krónur, einungis einu sinni greidd í einu lagi. Oftast voru greiddar mun lægri fjárhæðir en í eitt skipti mun hærri fjárhæð er 2.500.000 krónur voru greiddar í mars 2019. Stefnandi átti í ítrekuðum skriflegum samskiptum við

formann og gjaldkera körfuknattleiksdeildar stefnda af þessum sökum til að reka á eftir greiðslum, meðal annars til að geta staðið við eigin fjárskuldbindingar.

Vegna fyrri leikmannasamnings aðila, sem gildi frá 15. nóvember 2018 til 1. júlí 2019, námu laun stefnanda í heild 4.775.000 krónum, 300.000 krónur voru fyrir helming nóvember 2019, 600.000 krónur vegna sjö mánaða og 275.000 króna kaupaugagreiðsla fyrir Íslandsmeistaratitil. Á þessu tímabili greiddi stefndi 3.450.000 krónur. Vangreiddur höfuðstóll nemur þannig 1.325.000 krónum samkvæmt málatilbúnaði stefnanda en þá hefur ekki verið tekin afstaða til kröfu stefnanda um ráðstöfun upp í áfallandi dráttarvexti. Stefndi hefur að auki krafist frádráttar sem nemi 700.000 krónum vegna greiðslu 5.000 evra sem greiddar hafi verið í þágu stefnanda til [...] liðsins Þ, þar sem um lán hefði verið að ræða til stefnanda.

Krafa stefnanda vegna leikmannasamningsins, sem gildi frá 1. júlí 2019 þar til stefnandi rifti honum 24. ágúst 2020, nemur 7.876.394 krónum. Mánaðarlega útborguð laun áttu að vera 600.000 krónur í þrettán mánuði en stefnandi dregur frá þeirri fjárhæð 173.606 krónur vegna lækkunar launakröfu í samræmi við leiðbeinandi reglur um laun körfuknattleiksmanna sem gerðardómur Alþjóðakörfuknattleikssambandsins setti vegna heimsfaraldurs Covid-19. Þá eru 1.572.533 krónur dregnar frá vegna launa sem stefnandi vann sér inn í hlutastarfi sem stefndi útvegaði og stefnandi sinnti frá júlí 2019 til og með 31. maí 2020 auk 368.958 króna vegna áætlaðra launa fyrir slíkt aukastarf í júní, júlí og til 24. ágúst 2020. Þá komi greiðslur stefnda á tímabilinu 1. ágúst 2019 til 4. ágúst 2020 til frádráttar, samtals 3.850.000 krónur. Vangreiddur höfuðstóll nemur þannig 2.084.903 krónum samkvæmt málatilbúnaði stefnanda en þá hefur ekki verið tekin afstaða til kröfu stefnanda um ráðstöfun upp í áfallandi vexti.

Upplýst var fyrir dómi að stefndi hefur ekki gefið út launaseðla vegna launa stefnanda en fjárhæð greiðslna stefnda er óumdeild.

Rakið er í málatilbúnaði stefnda að stefnandi hafi oft verið meiddur á þeim tíma sem hann lék með stefnda og rakin þrjú tilvik því til staðfestingar. Tímabil sem talið er frá 4. maí 2019, er Íslandsmótinu lauk, til 17. október 2019 vegna meiðsla á ökkla, veikindatímabil vegna sjúkdóms frá 29. nóvember 2019 til 9. janúar 2020 og frá 29. júní 2020 vegna aðgerðar á ökkla.

Stefnandi undirgekkst aðgerð á ökkla síðsumars 2019 en í lok keppnistímabilsins þá um vorið mun hann hafa verið farinn að finna til einkenna. Um var að ræða sama ökkla og gerð var aðgerð á í Ö 2014 vegna ökklabrots er stefnandi lagði stund á körfuknattleik

og nám þar. Í ljós kom við læknisskoðun sumarið 2019 að skrúfa sem sett hafði verið í ökklan á sínum tíma hafði losnað og því þurfti að fjarlægja hana. Óumdeilt er að stefnandi var ekki fær um að taka þátt í fyrsta leik á Íslandsmóti með stefnda sem fram fór 10. október 2019 en tók þátt í leik sem fram fór 17. október sama ár. Stefnandi undirgekkst aðra aðgerð á ökklanum 29. júní 2020 en meðal málgagna eru samskipti stefnanda við þjálfara stefnda þar sem þeir leggja á ráðin um einstaklingsæfingar stefnanda í júnímánuði áður en aðgerðin fór fram, og eins eftir saumar voru teknir eftir aðgerðina 9. júlí 2020.

Hvað veikindi stefnanda áhrærir liggur fyrir að hann veiktist hastarlega og var lagður inn á sjúkrahús í lok nóvember 2019 og undirgekkst lækni meðferð. Stefnandi tók þátt í körfuknattleiksleik með liði stefnda 9. janúar 2020.

Íslandsmóti í körfuknattleik var hætt 15. mars 2020 vegna heimsfaraldurs Covid-19 og munu allar launagreiðslur til leikmanna körfuknattleiksliðs stefnda hafa verið felldar niður frá þeim tíma. Stefnanda bárust fimm greiðslur í apríl til ágúst 2020, samtals að fjárhæð 1.200.000 krónur.

Stefnandi rifti leikmannasamningi sínum við stefnda frá 24. ágúst 2020 vegna vanefnda stefnda með vísan til riftunarheimilda í samningum og viðauka hans. Viðræður aðila í kjölfarið um sættir tókust ekki og skilaði stefnandi bifreið þeirri sem hann hafði haft til afnota 8. september 2020. Mál þetta var höfðað í kjölfarið til heimtu vangreiddra launa.

Við aðalmeðferð málsins gáfu skýrslu sem vitni B formaður körfuknattleiksdeildar stefnda, C fyrrverandi sjúkraþjálfari körfuknattleiksliðs stefnda, og D fyrrverandi þjálfari körfuknattleiksliðs stefnda.

Málsástæður stefnanda

Stefnandi byggir á meginreglum samninga- og kröfuréttar um skuldbindingargildi loforða og efndir samningsskuldbindinga, sem og meginreglum vinnuréttar um efndir vinnusamninga enda séu leikmannasamningar milli aðila í eðli sínu persónubundnir ráðningarsamningar með gagnkvæmum réttindum og skyldum. Krafist er efnda af hálfu stefnanda á samningum milli aðila í samræmi við efni þeirra. Stefnandi byggir á því að skuld körfuknattleiksdeildar stefnda sé óumdeild og margviðurkennd í samskiptum milli stefnanda og stjórnarmanna deildarinnar enda hafi stefnandi innt sitt framlag af hendi án athugasemda af hálfu stefnda. Á gildistíma samninga aðila hafi aldrei verið gerð

athugasemd um að stefnandi ætti ekki rétt á launum er hann gat ekki tekið þátt í leikjum vegna meiðsla eða veikinda enda hafi stefnandi ætíð lagt áherslu á endurhæfingu og það að sinna æfingum eins og kostur var þegar hann var að jafna sig af meiðslum. Til dæmis hafi hann sótt einstaklingsþjálfun með þjálfara körfuknattleiksliðs stefnda. Þá hafi hann aldrei verið fjarverandi æfingar án leyfis. Þannig hafi ekki verið gerðar neinar athugasemdir við þá ráðagerð þegar hann tilkynnti þeim stjórnarmanni körfuknattleiksdeildar stefnda sem hann var í mestu sambandi við að hann hygðist fara til Z í byrjun ágúst 2020.

Hvað varðar kröfu stefnanda vegna launa eftir 15. mars 2020 er áréttað að hann hafi boðið upp á að málsaðilar kæmust að samkomulagi um greiðslur launa eftir að Körfuknattleikssambandið aflýsti keppni vegna kórónuveirufaraldursins en körfuknattleiksdeild stefnda hafi ekki brugðist við, hvorki gert slíkt samkomulag né samið um uppsögn samnings aðila. Því sé lagt til grundvallar að stefnandi eigi rétt til óskertra launa á þessu tímabili enda á launum allt árið. Stefnandi hafi þó umfram skyldu lækkað kröfu sína með vísan til a-liðar 16. gr. reglna gerðardóms alþjóðakörfuknattleikssambandsins (e. Basketball Arbitral Tribunal). Þær reglur hafi verið gefnar út til leiðsagnar um ýmis álitamál sem upp kynnu að rísa vegna heimsfaraldursins. Samkvæmt tilvitnuðu ákvæði beri körfuknattleiksliðum að greiða leikmönnum óskertar 2.500 evrur á mánuði auk helmings af þeim launum sem séu umfram þá fjárhæð. Stefnandi hafi útfært kröfu sína vegna tímabilsins í samræmi við þetta. Áréttað sé að stefnandi hafi efnt samningsskuldbindingar sínar að fullu á þessu tímabili, meðal annars með því að leggja stund á styrktarþjálfun sem hann borgaði sjálfur fyrir.

Auk launakrafna í samræmi við leikmannasamning aðila byggir stefnandi á því að stefnda sé skylt að endurgreiða honum útlagðan kostnað vegna aðgerðarinnar sem hann undirgekkst 29. júní 2020 í samræmi við c-lið 2 gr. leikmannasamningsins er kveði á um greiðslu slíks kostnaðar.

Málsástæður stefnda

Á því er byggt af hálfu stefnda að til rækilegrar skoðunar hljóti að koma hvort vísa eigi málinu frá dómi án kröfu. Í stefnu málsins sé ekki að finna neinn rökstuðning fyrir rétti stefnanda til veikindalauna um margra mánaða skeið keppnistímabilin 2018 til 2019 og 2019 til 2020 og ekki heldur um rétt stefnanda til launa eftir 15. mars 2020. Það hefði þó

verið nauðsynlegt þar sem fyrir hafi legið í samskiptum körfuknattleiksdeildar stefnda og stefnanda, áður en efnt var til málshöfðunar, að ágreiningur aðila hafi fyrst og fremst snúist um þetta tvennt. Vegna þessa skorts á málsástæðum af hálfu stefnanda sé stefnda vandi á höndum að átta sig á málgrundvellingum og halda uppi vörnum. Þá sé það ósamþýðanlegt að rifta leikmannasamningi við körfuknattleiksdeild stefnda vegna meintrar launaskuldar en höfða málið á hendur stefnda.

Hvað sýknu snertir er í fyrsta lagi byggt á aðildarskortu. Leikmannasamningar stefnanda hafi verið gerðir við körfuknattleiksdeild stefnda en ekki stefnda, en báðir þessir aðilar hafi eigin kennitölu. Körfuknattleiksdeildin sé sjálfstæður lögaðili sem geri samninga við leikmenn og beri sjálfstæða ábyrgð á eigin skuldbindingum samkvæmt lögum og lögum stefnda, sbr. 12. gr. félagslaganna, þar sem þetta sé áréttað. Stefndi komi í engu að þessari samningsgerð eða rekstri deildarinnar og því beri að sýkna hann á grundvelli aðildarskorts, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Þá byggi sýknukrafa einnig á því að stefnandi eigi ekki ógreidda kröfu hjá stefnda eða körfuknattleiksdeild stefnda né rétt til launa umfram þau sem hann hafi þegar fengið greidd. Því sé hafnað sem bersýnilega röngu og ósonnuðu að ætluð launaskuld sé óumdeild eða viðurkennd. Þvert á móti eigi körfuknattleiksdeild stefnda gagnkröfu á hendur stefnanda vegna ólögmeðrar riftunar.

Þar sem vinnuréttarsamband hafi verið milli stefnanda og körfuknattleiksdeildar stefnda í krafti leikmannasamninga aðila fari um rétt stefnanda til launa í forföllum vegna meiðsla og veikinda eftir lögum nr. 19/1979, um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla. Engum kjarasamningi körfuknattleiksmanna sé til að dreifa og þar sem ekkert sé kveðið á um veikindalaunarétt stefnanda í leikmannasamningunum fari um þann rétt í samræmi við 1. mgr. 5. gr. laga nr. 19/1979. Þar sé kveðið á um að réttur til veikindalauna sé einn mánuður ef starfsmaður hefur starfað í að minnsta kosti eitt ár hjá viðkomandi atvinnurekanda.

Stefndi byggi á að stefnandi eigi ekki rétt á veikindalaunum þann tíma sem hann var óvinnufær vegna öklameiðsla sem hann hafi orðið fyrir í Ö 2014 og verið að glíma við afleiðingar af allar götur síðan. Stefndi hafi vísitandi leynt meiðslunum og alvarleika þeirra og því að rekið væri skaðabótamál í Ö af því tilefni. Það leiði til þess að hann hafi fyrirgert með öllu rétti til veikindalauna vegna meiðslanna. Kveðið sé á um skyldu stefnanda til að upplýsa um öll meiðsli sem hann hafi orðið fyrir, samanber c-lið 2. gr. í viðauka við leikmannasamning aðila. Með því að leyna upplýsingum um alvarleika

ökklameiðslanna og læknamistöð í Ö hafi stefnandi brotið gróflega gegn samningi aðila og eigi af þeim sökum ekki rétt til launa meðan hann var óvinnufær af þeim sökum. Loks er einnig byggt á því að stefndi beri ekki ábyrgð á launagreiðslum til stefnanda á þeim fimm og hálfu mánuði sem stefnandi var frá vinnu vegna meiðslanna, frá 4. maí til 17. október 2019, þar sem hann hafi látið undir höfuð leggjast að láta strax huga að meiðslum sínum og takmarka tjón sitt er hann forfallaðist. Það hafi verið fyrst um miðjan ágúst sem hann hafi gengist undir viðeigandi læknisrannsóknir og meðferð. Með þessu hafi hann brotið gegn c-lið 2. greinar leikmannasamnings aðila þar sem fram komi að leikmanni beri að gera sitt besta til að ná sér sem fyrst með rétttri endurhæfingu í samráði við fagfólk. Fram hafi komið í viðtali við stefnanda í fjölmiðli 18. ágúst 2019 að ökkli hans hefði verið mjög illa farinn eftir að skrúfur sem settar hefðu verið er ökklinn brotnaði 2014 hefðu losnað og valdið skemmdum. Stefnandi hefði ekkert getað tekið þátt í undirbúningstímabili körfuknattleiksliðs stefnda fyrir keppnistímabilið 2019 til 2020 vegna ítrekaðra aðgerða sem hann hefði þurft að undirgangast vegna þessarar meiðsla. Loks er á því byggt af hálfu stefnda að veikindaréttur stefnanda á grundvelli 5. gr. laga nr. 19/1979 sé ekki fyrir hendi vegna aðgerðar sumarið 2019 þar sem á skorti að stefnandi hafi unnið svo lengi sem áskilið sé í ákvæðinu til að slíkur réttur stofnist, enda hafi ráðningartími stefnanda ekki verið samfelldur vegna dvalar hans í Æ á árinu 2018.

Þá hafi stefnandi í mesta lagi áunnið sér eins mánaðar veikindarétt vegna veikindaforfalla sökum sjúkdóms frá 29. nóvember 2019, en í málflutningi var því lýst yfir að stefnandi hefði verið kominn til starfa á ný er leikur fór fram 9. janúar 2020. Í því tilviki beri einnig að draga frá tryggingabætur sem stefnandi hefði átt rétt á vegna sjúkdómatryggingar frá tryggingafélagi.

Loks hafi stefnandi undirgengist aðgerð 29. júní 2020 en hann hafi ekkert getað æft í kjölfar þess auk þess sem hann hafi farið án heimildar körfuknattleiksdeildar stefnda til Z í ágúst er undirbúningur vegna næsta keppnistímabils var hafinn. Ljóst sé að draga beri kröfu stefnanda vegna ágústmánaðar að fjárhæð 321.981 króna frá af þessum sökum, og þá sérstaklega þar sem fyrir lá að Z væri hættusvæði vegna Covid-19 [...] þannig að stefnandi hafi orðið að vera í sóttkví eftir heimkomuna og því ekki getað efnt ráðningarsamning sinn.

Vegna ofangreindra meiðsla og veikinda beri að draga frá kröfu stefnanda sem nemi tíu mánaða launum sem séu samkvæmt málatilbúnaði stefnanda 4.710.115 krónur. Þar

sem veikindaréttur stefnanda sé ekki meiri en annarra launamanna í sambærilegri stöðu sé ljóst að krafa hans sé fjarri öllu lagi og í engu samræmi við gildandi rétt.

Ákvörðun Körfuknattleikssambands Íslands um að fella niður Íslandsmótið frá 15. mars 2020 leiddi til gríðarlegrar tekjuskerðingar fyrir kröfuknattleiksdeild stefnda vegna glataðra tekna af úrslitakeppni og skertra styrkja frá styrktaraðilum. Í því ljósi byggir stefndi á því að réttur stefnanda til frekari launa hafi fallið niður frá þeim tíma enda hvorugum samningsaðila tækt að efna samningsskuldbindingar sínar. Óumdeilt sé að yfirstandandi heimsfaraldur með fyrirvaralausri stöðvun á atvinnurekstri, tekjuhruni og gríðarlegum áhrifum á efnahag ríkja, einstaklinga, fyrirtækja, félaga og annarra flokkist undir óviðráðanleg ytri atvik (force majeure-aðstæður). Slíkt fordæmalaust ástand hafi áhrif á alla sem fyrir verða, þar á meðal fjárhagsleg áhrif, og það gildi einnig um stefnanda. Við þessar aðstæður sé bæði ósanngjarnt og óeðlilegt að stefnandi geti haft uppi kröfur á hendur körfuknattleiksdeild stefnda eftir 15. mars 2020 án þess að hafa þurft að sinna samningsskuldbindingum sínum eða leggja neitt af mörkum. Að undanskildu óvinnufærnitímabili eftir aðgerð 29. júní 2020, sem áður er um fjallað, nemi krafa stefnanda vegna þessa tímabils 1.484.013 krónum. Með vísan til III. kafla laga nr. 7/1936, einkum 33. og 36. gr., hafi þessar aðstæður leitt til þess að leikmannasamningur stefnanda við körfuknattleiksdeildina, eða í það minnsta launaliður samningsins, hafi fallið úr gildi 15. mars 2020. Væri með öllu ósanngjarnt að stefnandi gæti borið samninginn fyrir sig þrátt fyrir fyrirvaralausar rekstrarstöðvun körfuknattleiksdeildarinnar, sbr. einnig 3. gr. laga nr. 19/1979, sem beita eigi beint eða samkvæmt lögjöfnun eða rýmkaðri skýringu. Það myndi leiða til sjálfkrafa gjaldþrots körfuknattleiksdeildar stefnda og flestra annarra íþróttafélaga í landinu, sem væru í sambærilegri stöðu, ef þau þyrftu að efna samninga leikmanna sinna eftir orðanna hljóðan, án tillits til heimsfaraldurs.

Riftun stefnanda á samningi aðila hafi verið án nokkurs fyrirvara eða viðvörunar eða greiðsluáskorunar þar sem fram kæmi að til hennar gæti komið vegna greiðsludráttar. Hvorki stefnda né körfuknattleiksdeild stefnda var gefinn kostur á að bregðast við eða greiða ætlaða skuld. Af þessum sökum liggja fyrir að riftunin hafi verið ólögmæt þar sem hún samræmist hvorki form- né efnisskilyrðum meginreglna vinnuréttar og dómaframkvæmd. Augljóst hafi enda verið að stefnandi hafði engan áhuga á að virða samning sinn við körfuknattleiksdeild stefnda þar sem hann hafi verið búinn að fá betra tilboð frá öðru félagi sem hann hafi síðar samið við.

Vegna ólögmatrar riftunar og sammingsbrots hafi stefnandi skapað sér bótaskyldu samkvæmt 25. gr. hjúalaga nr. 22/1928 og samkvæmt meginreglu í vinnurétti sem af henni sé leidd eða löggjöfnun frá ákvæðinu. Bótakrafa stefnda á þessum grunni nemi helmingi launa stefnanda á því sem eftir var af samningstímanum sem átti samkvæmt efni sínu að ljúka í lok júní 2021. Þannig hafi tíu mánuðir og átta dagar verið eftir af samningnum. Bætur sem nemi fimm mánuðum og fjórum dögum séu þannig 3.039.900 krónur, sem komi til skuldajöfnuðar á móti launakröfu stefnanda að því marki sem hún yrði talin vera fyrir hendi.

Stefndi byggir á því að hann eigi kröfu á hendur stefnanda að fjárhæð 700.000 krónur vegna félagsskiptagjalds sem [...] liðið Þ krafðist til þess að fallast á að stefnandi gengi til liðs við kröfuknattleikslið stefnda að nýju. Um hafi verið að ræða lán til stefnanda sem hann hafi ekki endurgreitt.

Síðan hafi stefnandi ekki skilað bílaleigubíl sem hann hafði til umráða í samræmi við samning aðila fyrr en 10. september 2020. Kostnað körfuknattleiksdeildar stefnda af þeim sökum beri stefnanda að greiða og þannig komi hann til frádráttar ætlaðri launaskuld.

Varðandi kröfu stefnanda um endurgreiðslu sjúkrakostnaðar vegna aðgerðar í júní 2020 að fjárhæð 37.126 krónur eigi stefnandi rétt á því að Sjúkratryggingar Íslands endurgreiði honum kostnaðinn. Í því ljósi geti hann ekki átt rétt á því að stefndi greiði þann kostnað nema fyrir liggja að Sjúkratryggingar hafi hafnað kröfu hans.

Með vísan til alls ofanritaðs beri að sýkna stefnda enda hafi stefnandi fengið lögmæta fjárkröfu sína greidda auk þess sem bótakrafa stefnda, ein og sér, fari langt með að veða upp þau laun sem stefnandi telur sig vanhaldinn um, með vísan til 1. mgr. 28. gr. laga um meðferð einkamála. Sé litið til annarra áður talinna krafna stefnda, sem samtals nema 10.361.154 krónum, sé ljóst að sýkna beri stefnda

Upphafsdegi dráttarvaxta er mótmælt þar sem endanlegar kröfur stefnanda hafi fyrst orðið ljósar við þingfestingardag.

Niðurstaða

Grundvöllur kröfugerðar stefnanda er tveir samningar og fylgiskjöl þeirra, svonefndir leikmannasamningar. Samningarnir sjálfir eru staðlaðir samningar þar sem kveðið er almennt á um réttindi og skyldur aðila en nánari réttindi eru svo útfærð í nefndum viðaukum. Óumdeilt er með aðilum að vinnuréttarsamband var þeirra á milli þar sem

samið var um að stefnandi æfði og léki körfuknattleik hjá stefnda gegn greiðslu launa. Samningar þessir og samningsviðaukar eru næsta sérstæðir sem ráðningarsamningar þar sem einungis er tilgreind sú fjárhæð sem eigi að koma til útborgunar til stefnanda, án skilgreiningar heildarlauna og án þess að tilgreint sé hvert ráðstafa eigi launatengdum gjöldum, svo sem iðgjaldagreiðslum til lífeyrissjóðs og greiðslu gjalda í samræmi við 6. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda. Þá var það upplýst við málflutning að stefndi hefur enga launaseðla gefið út til stefnanda vegna greiðslu launa samkvæmt samningum aðila. Við mat á sönnunarbyrði um þau atriði í samningum aðila sem kunna að vera óljós er óhjákvæmilegt að horfa til þessarar vanrækslu stefnda þannig að allan vafa um inntak samninga aðila verður að skýra stefnanda í hag.

Án þess að gera kröfu um frávísun hefur stefndi vakið máls á því að málatilbúnaður stefnanda sé vanreifaður þar sem ekki séu færð rök fyrir rétti stefnanda til launa í forföllum vegna meiðsla eða veikinda eða fyrir rétti hans til launa eftir 15. mars 2020 er keppni á Íslandsmóti í körfuknattleik var hætt vegna heimsfaraldurs.

Ljóst er af málatilbúnaði stefnanda að hann telur sig hafa efnt samningsskuldbindingar sínar gagnvart stefnda í hvívetna og þau andsvör höfð uppi hvað þessi álitafni áhrærir að honum beri laun í þessum tilvikum í samræmi við kröfugerð.

Stefndi getur borið fyrir sig til varnar að sýkna eigi hann af kröfum stefnanda á grundvelli sönnunarskorts eða öðrum ástæðum, þar á meðal á þeirri forsendu að stefnandi hafi ekki fært fram fullnægjandi andsvör gegn málatilbúnaði stefnda um að stefnandi eigi ekki rétt til launa í forföllum eða eftir 15. mars 2020. Það felur á hinn bóginn ekki í sér vanreifun, sem leiði til frávísunar, að gera ekki grein fyrir slíkum andsvörum í stefnu, enda rökin ekki fram komin af hálfu stefnda á þeim tímapunkti. Stefnanda var rétt að rekja málsástæður sínar hvað þetta varðar við munnlegan málflutning við aðalmeðferð sem viðbrögð við málatilbúnaði stefnda, sem hann og gerði. Í þessu ljósi eru engin efni til að fallast á kröfu stefnda um að vísa málinu frá dómi enda enginn sýnilegur vandi fyrir stefnda að halda uppi ýtrustu vörnum.

Stefndi krefst sýknu á grundvelli aðildarskorts þar sem stefndi beri ekki samningsskuldbindingar gagnvart stefnanda heldur deild innan félagsins, körfuknattleiksdeild, sem sé sjálfstæð lögpersóna með eigin kennitölu.

Í lögum stefnda er kveðið á um stjórnun og rekstur deilda í 12. gr. Þar er tekið fram að deildir skuli hafa sér kennitölu og sjálfstæðan fjárhag og að hver deild skuli sjá um

sig sjálf fjárhagslega, eins og það er orðað. Á hinn bóginn verður jafnframt afdráttarlaust ráðið af 12 gr. félagslaganna að einstakar deildir beri ábyrgð á rekstri sínum gagnvart aðalstjórn félagsins sem hefur eftirlit með fjárreiðum deildanna þar sem bókhald deilda er fært á skrifstofu félagsins og aðalstjórn getur hvenær sem er skoðað bókhaldið og fjárreiður hvernar deildar fyrir sig. Deildum ber einnig að standa að fjáröflunum í samráði við aðalstjórn félagsins. Einnig er kveðið á um skyldu deildarstjórna til að leggja fjárhagsáætlanir fyrir aðalstjórn fyrir fram. Eins ber að leggja allar stærri fjárhagslegar skuldbindingar fyrir aðalstjórn til samþykktar.

Af þessum ákvæðum félagslaganna verður sú ályktun afdráttarlaust dregin að sjálfstæði deilda stefnda lúti að daglegum rekstri en sá rekstur sé á ábyrgð félagsins sem slíks þegar öllu er á botninn hvolft, ella væri samráð við aðalstjórn og öflun samþykkis hennar óþarft. Þannig ber félagið ábyrgð á fjárhagslegum skuldbindingum deilda félagsins. Sýnist hér bera að sama bruni og á reyndi í dómi Hæstaréttar Íslands í máli nr. 50/2001, sem kveðinn var upp 28. febrúar 2001. Það að körfuknattleiksdeild stefnda hafi eigin kennitölu breytir síðan engu í þessum efnun enda engin afstaða tekin til eðlis aðila við úthlutun kennitölu, samanber til hliðsjónar dóm Hæstaréttar í máli nr. 40/1994 sem kveðinn var upp 15. júní 1995. Þegar síðan horft er til skriflegra samninga stefnda við stefnanda, þar sem ítrekað er rætt um „félagið“ þótt vísað sé til kennitölu deildarinnar verður talið réttmætt af hálfu stefnanda að beina málsókn sinni að stefnda enda engir launaseðlar gefnir út þar sem gerð væri grein fyrir launagreiðanda. Allur vafi í þessum efnun verður túlkaður stefnda í óhag eins og áður gat. Af þessum sökum verður hvorki fallist á að það sé ósamþýðanlegt að höfða málið á hendur stefnda, eftir að hafa beint riftunaryfirlýsingu að körfuknattleiksdeild stefnda, né að fallist verði á kröfu stefnda um sýknu vegna aðildarskorts.

Hvað fjárkröfu stefnanda snertir er til þess að líta að framsetning launa í viðaukum leikmannasamninga aðila er næsta einföld. Stefnanda bar samkvæmt samningunum að fá 600.000 krónur inn á reikning sinn fimmta dag hvers mánaðar auk kaupauka sem greiða bar hlutrænt eftir gengi körfuknattleiksliðs stefnda á Íslandsmóti og í einstökum leikjum. Þessar fjárhæðir sem slíkar eru skýrar og einfalt að telja þær saman. Sýnist enda enginn ágreiningur vera um þennan útreikning í raun en því var einnig lýst yfir við málflutning af hálfu stefnda að stefnandi gerði réttilega grein fyrir þeim greiðslum sem stefndi hefði innt af hendi. Eins og áður hefur verið rakið greiddi stefndi stefnanda aldrei á réttum gjalddaga auk þess sem umsamin útborgunarfjárhæð, 600.000 krónur, var

einungis einu sinni greidd í einu lagi. Oftast voru mun lægri fjárhæðir greiddar en í eitt skipti mun hærra fjárhæð, 2.500.000 krónur, sem innt var af hendi í mars 2019. Unnt er þannig að leggja framsetningu kröfugerðar og upptalningu greiðslna stefnda sem komi til frádráttar til grundvallar við úrlausn málsins og jafnframt fallast á að stefnandi eigi rétt til þeirra launagreiðslna í samræmi við meginreglur kröfuréttar um efnidir umsaminna fjárskuldbindinga að öðru óbreyttu.

Mótbárur stefnda miða að því að stefnandi eigi ekki rétt til launa á tilteknum tímabilum eða stefndi eigi gagnkröfur á hendur stefnanda sem koma eigi til frádráttar.

Byggt er á því að stefnandi eigi enga kröfu á hendur stefnda, meðal annars á grundvelli 33. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa, þar sem stefnandi hafi leynt stefnda því að hann hefði meiðst alvarlega árið 2014 í Ö. Af þeirri ástæðu hefði hann verið mikið meiddur keppnistímabilin 2018 til 2019 og 2019 til 2020.

Þessi málalíbúnaður stefnda fær ekki stoð í gögnum málsins og framburði þjálfara meistaraflokks körfuknattleiksdeildar stefnda. Þjálfarinn bar um það fyrir dómi að stefnandi hefði verið verðmætasti leikmaður liðsins, eins og það var orðað, bæði keppnistímabilin og hann hefði ekki verið meira meiddur en gengi og gerðist meðal leikmanna. Þá liggur fyrir að stefnandi þurfti að undirgangast aðgerð eftir að fyrra keppnistímabilinu lauk 4. maí 2019 vegna nefndra öklameiðsla og gat ekki hafið leik fyrir en 17. október 2019 en hafði þá misst af fyrsta leik keppnistímabilsins. Í síðasta lagi í kjölfar þessarar aðgerðar og opinberrar umfjöllunar stefnanda um eðli meiðsla sinna á þeim tíma mátti stefnda vera kunnugt um eðli meiðslanna. Engar upplýsingar liggja fyrir um að stefndi hafi gert athugasemdir við stefnanda af þessum sökum allt þar til stefnandi rifti samningi aðila 24. ágúst 2020, eftir ítrekuð samskipti hans við formann og gjaldkera körfuknattleiksdeildar er lutu að vanhöldum á greiðslum á gildistíma samninga hans, meðal annars eftir þetta tímamark. Í þessu ljósi sýnist einboðið að álykta að stefndi hafi ekki talið tilefni til að telja forsendur leikmannasamnings stefnanda brostnar og að greiðsluskylda væri fallin niður. Stefnda er ekki tækt að brydda upp á slíkum forsendubresti ári eftir að stefnandi riftir samningi aðila vegna vanefnda stefnda. Af sömu ástæðu er stefnda ekki tækt að bera fyrir sig 33. gr. laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa,

Hvað varðar málalíbúnað stefnda um takmarkaðan rétt stefnanda til launa í veikinda- og slysaförföllum þá sýnist næsta langsótt að byggt verði á lögum nr. 19/1979, um rétt

verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla, um réttindi atvinnumannanna í körfuknattleik enda nokkuð fjarri því að saman sé að jafna réttarstöðu stefnanda samkvæmt tímabundnum leikmannasamningum og almennum kjörum verkafólks. Einnig er til þess að líta að afmörkun stefnda á forfallatímabilum stefnanda sýnist vera umdeilanleg þar sem stefndi afmarkar tímabilin frá síðasta leik fyrir meiðsli og þar til stefnandi mætir aftur til leiks. Fyrir liggur samkvæmt gögnum málsins að stefnandi sinnti samningsskyldu til æfinga í samræmi við a-lið 1. gr. leikmannasamninga málsaðila milli leikja og þá svo sem kostur var á meðan á endurhæfingu stóð eftir aðgerðir.

Þá var því lýst afdráttarlaust yfir fyrir dómi af hálfu formanns körfuknattleiksdeildar stefnda að það hefði ekki tíðkast að fella niður launagreiðslur til meiddra leikmanna, þeim væru greidd laun. Í ítarlegum skriflegum samskiptum stefnanda við formann og gjaldkera körfuknattleiksdeildar stefnda, er stefnandi var að knýja á um greiðslu launa, var aldrei settur fyrirvari við kröfugerðina á þeim grunni að réttur hans til launa í forföllum væri uppurinn. Í því ljósi og með hliðsjón af stöðu formannsins sem forstöðumanns deildar stefnda verður lagt til grundvallar að þessi yfirlýsing fyrir dómi gildi um réttarstöðu stefnanda, sem þannig eigi óskoraðan rétt til launa þann tíma sem hann var frá vegna meiðsla.

Hvað varðar rétt hans til veikindalauna vegna veikinda frá 29. nóvember 2019, sem leiddu til innlagnar á sjúkrahús, ber að sama bruni. Réttur stefnanda sýnist óskoraður. Þannig var enginn fyrirvari settur við rétt stefnanda í þessum efnum en að auki má nefna að veikindatímabilið reyndist það stutt að það myndi falla að skilgreiningu 5. gr. laga um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla. Fram kom fyrir dómi af hálfu þjálfara körfuknattleiksliðs stefnda að stefnandi hefði verið mættur aftur til æfinga um það bil 18. desember 2019. Engar forsendur eru því til að afmarka lengd veikindatímabilsins við síðasta leik til þess fyrsta sem stefnanda auðnaðist að spila eftir veikindin, sem var 9. janúar 2020. Hvað frádrátt váttryggingarþóta snertir, í samræmi við ákvæði c-liðar 2. gr. leikmannasamnings aðila, liggja fyrir gögn er staðfesta að tryggingafélagið hafnaði því að greiða stefnanda bætur úr sjúkdómatryggingu þar sem sjúkdómur hans félli ekki undir váttrygginguna.

Með hliðsjón af framanrituðu verður ekki fallist á að lækka kröfu stefnanda sem nemur þeim tíma sem hann var frá æfingum og keppni vegna meiðsla eða veikinda.

Fyrir liggur að Körfuknattleikssamband Íslands felldi niður Íslandsmótið 15. mars 2020 vegna heimsfaraldurs Covid-19. Enginn vafi leikur á því að um fordæmalaust ástand var að ræða sem mikil áhrif hafði á alla. Hins vegar verður ekki lagt til grundvallar að þessar aðstæður hafi verið slíkar að ósanngjarnt og óeðlilegt sé að stefnandi geti haft uppi kröfur á hendur stefnda eftir 15. mars 2020. Ótvírætt er að þessar aðstæður gáfu stefnda tilefni til að grípa til ráðstafana. Upplýst er að stefndi nýtti sér það að samningar annarra leikmanna körfuknattleiksliðs stefnda kváðu á um greiðslur meðan á Íslandsmóti stæði þannig að sjálfgert var að fella þær greiðslur niður þegar mótinu var hætt. Annað gildi hins vegar um samning stefnanda þar sem málsaðilar höfðu samið um að stefnandi væri á launum árið um kring. Engin tenging var þannig í hans samningi milli launagreiðslna og keppnistímabils körfuknattleiksliðsins. Þrátt fyrir það greip stefndi ekki til neinna ráðstafana, samningi stefnanda var ekki sagt upp eða rift og eins virðist stefndi ekki hafa leitað eftir að njóta þeirra mótvægisúrræða sem stjórnvöld buðu atvinnurekendum upp á en upplýst var fyrir dómi að starfsmenn á skrifstofu stefnda hefðu haldið launum á þessu tímabili. Virðist í raun hafa verið gengið á annan veg fram gagnvart stefnanda en öðru starfsfólki stefnda sem fær laun greidd árið um kring. Eftir því sem ráðið verður af gögnum málsins og framburði fyrir dómi var því aldrei hreyft við stefnanda að réttarstaða hans hefði breyst eftir 15. mars 2020, ekki heldur þegar hann gaf kost á að launamál hans yrðu rædd með tilliti til breytinga af þessu tilefni. Viðbrögð við erindum hans voru þau sömu og endranær, fé skorti til að greiða laun hans en í engu var vikið að breytingum á kjörum hans. Einu samskiptin sem voru annars eðlis komu fram í ummælum gjaldkera körfuknattleiksdeildar stefnda í rafrænum samskiptum við stefnanda 24. apríl 2020. Þar kom fram hvatning til stefnanda að rifta samningi sínum og ganga til samninga við körfuknattleiksfélag í nágrannasveitarfélagi og haga þeirri samningsgerð þannig að hann gæti takmarkað tjón sitt vegna vanefnda stefnda. Stefnandi hefur jafnframt lagt fram gögn sem gefa til kynna að hann hafi sinnt æfingum á eigin vegum á þessum tíma auk einstaklingsæfinga með þjálfara körfuknattleiksdeildar stefnda, í júní og júlí 2020. Hann sinnti þannig samningsskuldbindingum sínum á tímabilinu.

Í ljósi þessa athafnaleysis stefnda verður ekki fallist á að óviðráðanleg ytri atvik, force majeure, standi greiðsluskyldu stefnda í vegi á tímabilinu frá 15. mars til 1. ágúst 2020 enda voru stefnda ýmsar leiðir færar til að takmarka tjón sitt vegna áfallandi skuldbindinga gagnvart stefnanda á því tímabili. Slík viðbrögð verða ekki höfð uppi með

afturvirkum hætti þegar stefnandi hefur rift samningi aðila. Stefnandi hefur einhliða lækkað kröfu sína vegna þessa tímabils með vísan til reglna Alþjóðakörfuknattleikssambandsins en það er honum tækt án atbeina stefnda þótt reglur þessar hafi ekki bein réttaráhrif á samningssamband málsaðila. Engin rök eru heldur til þess að víkja samningi aðila til hliðar í krafti 1. mgr. 36. gr. laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga af þessu tilefni þegar horft er til þess að stefnda var tækt að bregðast við með ýmsu móti strax 15. mars 2020, eins og áður er rakið.

Fyrir liggur að stefnandi var ekki við æfingar á tímabilinu 1. ágúst til 24. ágúst 2020 en á þeim tíma var körfuknattleikslið stefnda að hefja æfingar að nýju eftir sumarhlé vegna komandi keppnistímabils, samkvæmt framburði formanns körfuknattleiksdeildar stefnda fyrir dómi. Stefnandi fór í byrjun mánaðarins til Z [...] en er hann sneri heim þurfti hann að vera í sóttkví [...]. Ekkert liggur fyrir um að stefnandi hafi óskað leyfis til fararinnar en fyrir liggur að stjórnarmaður körfuknattleiksdeildar stefnda og þjálfari körfuknattleiksliðsins vissu af ráðagerð stefnanda þar sem ferðina hafði borið á góma í samskiptum stefnanda við þá. Þar sem hvorugur þessara aðila gerði athugasemd við ráðgerða ferð eru ekki forsendur til að telja að ferðin sem slík hafi falið í sér vanefnd af hálfu stefnanda þannig áhrif hafi á gildi leikmannasamnings hans. Á hinn bóginn eru ekki forsendur til að fallast á kröfu stefnanda um laun á þessu tímabili enda tilkynnti stefnandi einhliða um að hann væri að fara í ferðina og aflaði ekki samþykkis stefnda í þeim efnum. Það að frátafir hans hafi lengst svo sem raun ber vitni vegna sóttkvíar sem hann þurfti að sæta [...] getur ekki verið á áhættu stefnda þannig að hann þurfi að greiða stefnanda laun á tímabili sem stefnanda var ekki unnt að sinna samningsskuldbindingu sinni til æfinga.

Fyrir liggur að stefnandi rifti samningi aðila 24. ágúst 2020 vegna vanefnda stefnda með vísan til b-liðar 3. gr. leikmannasamningsins og b-liðar 3. gr. viðauka við samninginn. Í tilvitnuðu ákvæði leikmannasamningsins er tekið fram að ef annar hvor samningsaðila verður uppvís að því að brjóta ákvæði samningsins í mikilvægum atriðum geti hinn aðilinn rift honum. Í samningsviðaukanum er kveðið á um að ef verulegar og ítrekaðar vanefndir verða á samningnum af hálfu annars samningsaðilanna geti hinn sagt upp samningnum fyrirvaralaust og sé þá laus allra mála náist ekki samkomulag um annað.

Yfirlýsing stefnanda um riftun er í samræmi við þessar umsömdu heimildir enda ótvírætt, jafnvel þótt litið yrði fram hjá gjaldföllnum launum eftir 15. mars 2020, að

viðvarandi vanskil stefnda og óreglulegar greiðslur fólu í sér verulegar og ítrekaðar vanefndir en greiðsla launa er óumdeilanlega eitt mikilvægasta atriði ráðningarsamnings og fellur því að umsaminni riftunarheimild. Yfirlýsingin var þannig réttilega fram sett og bindandi frá þeim tíma sem hún barst stefnda. Þess má þó geta, þótt ekki hafi áhrif á réttarstöðu málsaðila eins og hér er í pottinn búið, að stefnandi varaði gjaldkera körfuknattleiksdeildar stefnda við því að til þess gæti komið að hann myndi rifta samningi aðila vegna vanskila stefnda í samskiptum þeirra á milli 24. apríl 2020. Málartilbúnaður stefnda um fyrirvaralausar riftun á þannig ekki við rök að styðjast.

Í þessu samhengi er einnig rétt að halda því til haga að stefnandi hefur ekki uppi frekari efndakröfur á hendur stefnda en að stefndi efni gjaldfallnar samningsskuldbindingar sínar á riftunardegi en hann hefur ekki uppi kröfur vegna þess tímabils sem ólokið var af umsömdum gildistíma leikmannasamningsins. Í ljósi afdráttarlauss orðalags tilvitnaðra ákvæða samnings aðila og viðauka við hann eru engar forsendur til að takmarka rétt stefnanda í þessum efnunum til launa fyrir liðna mánuði enda engar reglur vinnuréttar sem hníga að annarri niðurstöðu í tilvikum sem þessum. Ólíku er saman að jafna þegar höfð er uppi krafa um óunninn uppsagnarfrest eins og reyndi á í dómi Hæstaréttar í máli nr. 136/1994 frá 11. maí 1995, sem stefndi hefur vísað til.

Í ljósi þeirrar niðurstöðu dómsins að stefnandi hafi rift samningi aðila réttilega kemur gagnkrafa stefnda á grundvelli hjúalaga nr. 22/1928 ekki til álita enda engu brotthlaupi úr starfi eða ígildi þess til að dreifa.

Krafist er sýknu af kröfu stefnanda vegna útlagðs sjúkrakostnaðar að fjárhæð 37.126 krónur en þessa kröfu styður stefnandi við c-lið 2. greinar leikmannasamnings aðila. Sýknukrafa stefnda byggist á því að stefnanda hefði borið að reyna að fá fjárhæðina greidda úr almannatryggingum áður en kröfu væri beint að stefnda. Á reikningum þeim sem liggja kröfu stefnanda til grundvallar kemur fram sundurliðun milli þess sem sjúkratryggingar almannatrygginga greiða og þess sem stefnandi varð að greiða sjálfur. Í því ljósi verður ekki séð á hverju synjun við greiðsluskyldu stefnda er byggð þar sem skipting milli stefnanda sem sjúklings og almannatrygginga liggur fyrir á nefndum kvittunum. Stefndi hefur ekki fært fram frekari rök í þessum efnunum og verður hann því dæmdur til greiðslu þessarar fjárhæðar.

Stefndi krefst skuldajöfnuðar vegna 700.000 króna kostnaðar sem greiddur var [...] körfuknattleiksliði er stefnandi gekk til liðs við stefnda að nýju í nóvember 2018. Engin gögn liggja fyrir um tilurð þessarar greiðslu né upplýsingar um samskipti við [...] liðið.

Þá liggur ekkert fyrir um að umsamið hafi verið milli málsaðila að þessi greiðsla fæli í sér lán til stefnanda eða að stefndi hafi greitt [...] félaginu fjárhæðina stefnanda til hagsbóta en í málaltilbúnaði stefnda er greiðslan nefnd félagsskiptagjald. Í ítarlegum skriflegum samskiptum stefnanda við forsvarsmenn körfuknattleiksdeildar stefnda allt frá lokamánuðum ársins 2018 er hvergi vikið að þessari fjárhæð. Ekkert liggur þannig fyrir um að stefnandi hafi verið krafinn um fjárhæðina eða honum gert ljóst að hann skuldaði hana. Það er fyrst eftir að hann rifti samningi aðila sem þessari kröfu er haldið á lofti til skuldajafnaðar. Í ljósi þess að ósannað er að stefndi hafi greitt þessa fjárhæð í þágu stefnanda verður talið að hafi hún á annað borð einhvern tímann talist fela í sér skuldbindingu stefnanda gagnvart stefnda þá hafi stefndi glatað þeim rétti í ljósi þess stórfellda tómlætis að minnast ekki á hana í tæp tvö ár eftir að fjárhæðin var greidd. Sérstaklega í ljósi þess að á sama tíma áttu aðilar í viðvarandi samningssambandi og voru í miklum samskiptum um fjármál vegna vanefnda stefnda.

Loks liggur fyrir að stefnandi naut þeirra samningsbundnu kjara að hafa bílaleigubíl til afnota og eins liggur fyrir að hann afhenti bifreiðina ekki fyrr en komið var fram í september en í gögnum málsins er ekki fullljóst hvort það átti sér stað 8. september eða 10. september 2020. Stefndi krefst lækkunar vegna þeirra afnota sem áttu sér stað eftir 24. ágúst 2020. Stefndi skilaði bifreiðinni í september en hafði í fyrri samskiptum í tilefni af riftun leikmannasamningsins innt eftir því hvert hann ætti að skila bifreiðinni án þess að hafa fengið svar. Stefndi hefur ekki stutt gagnkröfu sína gögnum heldur lagt það í mat dómsins að ákvarða lækkun á kröfu stefnanda að álitum. Engar forsendur eru til þess að hafa þann hátt á enda ætti að vera einfalt fyrir stefnda að leggja fram gögn úr eigin bókhaldi um kostnað vegna bifreiðarinnar, eða eftir atvikum afrit af reikningi frá bílaleigunni hafi stefndi þurft að greiða vegna þessara afnota. Verður stefnandi því sýknaður af þessari gagnkröfu stefnda vegna sönnunarskorts.

Með hliðsjón af framanrituðu verður þannig fallist á kröfu stefnanda eins og hún er sett fram að því undanskyldu að stefndi verður sýknaður af kröfu stefnanda vegna launa í ágúst 2020 er stefnandi var erlendis og svo í sóttkví í kjölfarið en vegna þess mánaðar krefst stefnandi 321.981 krónu.

Fallist er á kröfu stefnanda um greiðslu dráttarvaxta frá fimmta degi næsta mánaðar eftir hvern mánuð sem stefnandi vann. Stefndi er bókhaldsskyldur aðili og ber sem slíkum að henda reiður á launagreiðslum sínum til stefnanda. Sterkar vísbendingar eru jafnframt í gögnum málsins um rafræn samskipti aðila, að stefnda hafi á hverjum tíma

verið fulljóst hver staða vanskila hans var þar sem ítrekað kemur fram að stefnandi og gjaldkeri körfuknattleiksdeildar stefnda skiptust á skjölum úr töflureikni þar sem um slíkar samantektir virðist hafa verið að ræða.

Stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað eins og í dómsorði greinir. Ekki eru efni til að fallast á framsetta kröfu um málflutningsþóknun þar sem tímafjöldi sem bókaður er í tímaskýrslu lögmanns stefnanda við stefnugerð og undirbúning málflutnings er nokkuð úr hófi og verður því ekki alfarið á skýrslunni byggt.

Af hálfu stefnanda flutti Jón Gunnar Ásbjörnsson lögmaður málið en af hálfu stefnda flutti málið Jónas Þór Jónasson lögmaður.

Björn L. Bergsson héraðsdómari kveður upp þennan dóm.

Dómsorð:

Stefndi, B, greiði stefnanda, A, 10.833.056 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af 300.000 krónum frá 5. desember 2018 til 5. janúar 2019, en af 900.000 krónum frá þeim degi til 5. febrúar 2019, en af 1.500.000 krónum frá þeim degi til 5. mars 2019, en af 2.100.000 krónum frá þeim degi til 5. apríl 2019, en af 2.700.000 krónum frá þeim degi til 5. maí 2019, en af 3.300.000 krónum frá þeim degi til 5. júní 2019, en af 3.900.000 krónum frá þeim degi til 15. júní 2019, en af 4.175.000 krónum frá þeim degi til 5. júlí 2019, en af 4.775.000 krónum frá þeim degi til 5. ágúst 2019, en af 5.173.400 krónum frá þeim degi til 5. september 2019, en af 5.654.716 krónum frá þeim degi til 5. október 2019, en af 6.092.808 krónum frá þeim degi til 5. nóvember 2019, en af 6.599.358 krónum frá þeim degi til 5. desember 2019, en af 7.075.571 krónu frá þeim degi til 5. janúar 2020, en af 7.535.303 krónum frá þeim degi til 5. febrúar 2020, en af 8.080.837 krónum frá þeim degi til 5. mars 2020, en af 8.617.917 krónum frá þeim degi til 5. apríl 2020, en af 9.143.678 krónum frá þeim degi til 5. maí 2020, en af 9.562.182 krónum frá þeim degi til 5. júní 2020, en af 9.978.629 krónum frá þeim degi til 5. júlí 2020, en af 10.402.311 krónum frá þeim degi til 5. ágúst 2020, en af 10.833.056 krónum frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádregnum innborgunum að fjárhæð samtals 7.050.000 krónur sem greiddar voru 14. desember 2018 að fjárhæð 50.000 krónur, 16. janúar 2019 að fjárhæð 100.000 krónur, 8. mars 2020 að fjárhæð 2.500.000 krónur, 14. maí 2019 að fjárhæð 600.000 krónur, 29. maí 2019 að fjárhæð 100.000 krónur, 13. júní 2019 að fjárhæð 100.000 krónur, 1. ágúst 2019 að fjárhæð 350.000 krónur, 2. september 2019 að fjárhæð 250.000 krónur, 13. september 2019 að fjárhæð 200.000 krónur, 27. september 2019 að fjárhæð 150.000

krónur, 11. október 2019 að fjárhæð 200.000 krónur, 28. október 2019 að fjárhæð 300.000 krónur, 12. desember 2019 að fjárhæð 100.000 krónur, 16. desember 2019 að fjárhæð 300.000 krónur, 9. janúar 2020 að fjárhæð 500.000 krónur, 14. febrúar 2020 að fjárhæð 300.000 krónur, 2. apríl 2020 að fjárhæð 150.000 krónur, 4. maí 2020 að fjárhæð 150.000 krónur, 29. maí 2020 að fjárhæð 500.000 krónur, 2. júlí 2020 að fjárhæð 150.000 krónur og 4. ágúst 2020 að fjárhæð 250.000 krónur. Stefndi greiði stefnanda 1.400.000 krónur í málskostnað.

Björn L. Bergsson